

Föstudaginn 3. nóvember 1995.

Nr. 357/1995.

Protabú Reykjaness hf. – útgerðar

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Magnúsi Helga Guðmundssyni og

Birgi Þór Guðmundssyni

(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi að hluta. Málshöfðunarfrestur. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 6. október 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, að því er varðar varnaraðilann Olíusamlag Keflavíkur og nágrennis, og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að því leyti. Til þrautavara krefst sóknaraðili þess, að „staðfest verði frávísun málsins og dómkrafna sóknaraðila frá héraðsdómi að því leyti, sem þær eru byggðar á XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991, og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar að öðru leyti gegn varnaraðilum Magnúsi Helga Guðmundssyni og Birgi Þór Guðmundssyni“. Þá krefst sóknaraðili aðallega málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar sameiginlega úr hendi varnaraðila, til vara úr hendi varnaraðilans Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis, en til þrautavara úr hendi varnaraðilanna Magnúsar Helga og Birgis Þórs.

Varnaraðilarnir Magnús Helgi Guðmundsson og Birgir Þór Guðmundsson krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar, að því er varðar frávísun málsins, auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Olíusamlag Keflavíkur og nágrennis krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður fallist á það mat héraðsdómara, að frestur samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sem sóknaraðili naut til að höfða riftunarmál á hendur varnaraðilum, hafi byrjað að líða 12. september 1994. Var málið því höfðað í tæka tíð á hendur varnaraðilanum Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis 9. mars 1995, en eftir lok frestsins á hendur varnaraðilunum Magnúsi Helga Guðmundssyni og Birgi Þór Guðmundssyni 28. sama mánaðar.

II.

Í héraðsdómsstefnu greinir sóknaraðili frá því, að hann höfði málið til riftunar á greiðslu Reykjaness hf. – útgerðar á 500.000 krónum til varnaraðilans Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis, sem hafi farið fram 9. maí 1994. Sóknaraðili kveður greiðsluna hafa verið á kröfu samkvæmt vixli, að fjárhæð 400.000 krónur, sem hafi verið út gefinn 29. apríl 1988 af Stafnesi hf. og ábektur og framseldur eyðuframsali af varnaraðilanum Magnúsi Helga, en samþykktur til greiðslu af hinu gjaldþrota félagi 29. júlí sama ár. Í stefnu heldur sóknaraðili því fram, að krafa samkvæmt vixlinum hafi verið fyrnd, þegar greiðslan var innt af hendi, og telur hann því mega leggja hana að jöfnu við gjöf. Einnig staðhæfir sóknaraðili í stefnunni, að frestdagur við gjaldþrotaskiptin sé 21. mars 1994, og hafi greiðslan því farið fram eftir þann tíma. Þá heldur hann því fram, að fjárhæðin, sem hafi verið greidd varnaraðilanum, hafi skert greiðslugetu félagsins verulega. Enn fremur ber sóknaraðili því við, að varnaraðilinn, sem hér um ræðir, hafi mátt vita um ógjaldfærni félagsins, enda hafi það staðið í skuld við varnaraðilann vegna olíuúttekta allt áður til ársins 1990, þegar greiðslan var innt af hendi.

Í stefnu vísar sóknaraðili um lagarök til 131. gr., 134. gr., 139. gr.

og 141. gr. laga nr. 21/1991. Í þremur fyrstnefndu ákvæðunum er mælt fyrir um heimildir til að rifta gjöf þrotamanns, greiðslu, sem hefur skert greiðslugetu hans verulega, og greiðslu, sem fer fram eftir frestdag. Í síðastnefndu ákvæði er heimild til að rifta ráðstöfun, ef meðal annars því skilyrði er fullnægt, að sá, sem hún er til hagsbóta fyrir, hafi verið grandsamur um ógjaldfærni þrotamanns. Tilgreining þessara lagaröksemda fellur þannig að þeim staðhæfingum sóknaraðila í stefnu, sem áður er getið, og verða taldar meðal málsástæðna hans í málinu.

Á það má að nokkru fallast með héraðsdómara, að málatilbúnaði sóknaraðila í stefnu sé ábótavant, enda er málsástæðna ekki getið svo skýrlega sem ætlast er til í e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Annmarkar í þessum efnum verða þó ekki taldir svo verulegir, að frávísun varði.

Í greinargerð til Hæstaréttar kemur fram sú röksemd varnaraðilans Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis fyrir frávísun málsins, að fyrst sóknaraðili krefji varnaraðilana um greiðslu óskipt, beri að vísa málinu frá dómi í heild, ef annmarki er á málatilbúnaði gagnvart einum þeirra. Ekki verður á þessa röksemd fallist, enda er ekki samaðild samkvæmt 18. gr. laga nr. 19/1991 með varnaraðilum.

Samkvæmt þessu verður fallist á varakröfu sóknaraðila og felld úr gildi ákvæði hins kærða úrskurðar um frávísun málsins, að því er varðar varnaraðilann Olíusamlag Keflavíkur og nágrennis. Ber héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að því leyti.

III.

Sóknaraðili gerir, sem fyrr segir, kröfu til þrautavara um, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi aðeins varðandi varnaraðilana Magnús Helga og Birgi Þór. Þótt sóknaraðili kjósi að gera þessa kröfu að baki varakröfunni um, að hinn kærði úrskurður verði eingöngu felldur úr gildi varðandi varnaraðilann Olíusamlag Keflavíkur og nágrennis, þykir verða að líta svo á, að þrautavarakröfunni sé ætlað að standa samsíða varakröfunni. Verður það því ekki talið standa þrautavarakröfunni í vegi, að varakrafa sóknaraðila sé samkvæmt framansögðu tekin til greina.

Í greinargerð til Hæstaréttar færir sóknaraðili þau rök fyrir þrautavarakröfunni, að í héraðsdómsstefnu hafi hann ekki eingöngu

reist kröfur á hendur varnaraðilunum Magnúsi Helga og Birgi Þór á riftunarreglum laga nr. 21/1991, heldur einnig og sjálfstætt á því, að þeir hafi sem forráðamenn hins gjaldþrota félags valdið sóknaraðila tjóni, sem nemur fjárkröfu hans í málinu, með ólögmætri og saknæmri háttsemi. Sóknaraðili vekur í þessu sambandi athygli á því, að í stefnu vísi hann um réttarheimildir meðal annars til almennu skaðabótareglunnar og tiltekinna ákvæða almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og áðurgildandi laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Í lýsingu málsástæðna og annarra atvika í héraðsdómsstefnu eru færðar fram röksemdir fyrir kröfum, sem ekki er unnt að skilja öðruvísi en svo, að þær séu reistar á ákvæðum XX. kafla laga nr. 21/1991. Undir lok þessarar lýsingar segir þannig, að sóknaraðili miði greiðslukröfu sína við þá fjárhæð, sem Olfusamlagi Keflavíkur og nágrennis var greidd, og það tjón, sem þrotabúið og skuldheimtummenn þess hafi orðið fyrir, svo og það, sem greiðslan hafi komið varnaraðilum að notum. Lýkur síðan umfjöllun um málsástæður og önnur atvik með þeim orðum, að sóknaraðili byggji „þessa kröfu sína einnig á því, að stefndu Magnús Helgi Guðmundsson og Birgir Þór Guðmundsson, nákomnir þrotabúinu í skilningi gjaldþrotaréttar, hafi valdið þrotabúinu þessu tjóni með ólögmætri og saknæmri háttsemi og beri á því skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda“.

Eins og sóknaraðili hagar framangreindum málatilbúnaði sínum í héraðsdómsstefnu, verður ekki fallist á, að hann hafi þar með viðhlítandi hætti reist kröfur sínar á öðru en riftunarreglum gjaldþrotaskiptalaga. Geta tilvísanir hans í réttarheimildir um önnur efni þar engu breytt. Eru því ekki rök til að verða við þrautavarakröfu sóknaraðila.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur um frávísun málsins á hendur þeim Magnúsi Helga Guðmundssyni og Birgi Þór Guðmundssyni.

Eftir atvikum er rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

Það athugast, að héraðsdómari hefur í úrskurði sínum nefnt stefnanda málsins í héraði varnaraðila og stefndu sóknaraðila. Er það ástæðulaust, þótt leyst sé í úrskurðinum úr ágreiningi um kröfu þeirra síðarnefndu um frávísun máls.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, að því er varðar frávísun málsins á hendur varnaraðilunum Magnúsi Helga Guðmundssyni og Birgi Þór Guðmundssyni.

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, hvað varðar frávísun málsins á hendur varnaraðilanum Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis, og ber héraðsdómara að taka málið að því leyti til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 6. október 1995.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um fram komna frávísunarkröfu sóknaraðila, stefndu Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis, Magnúsar Helga Guðmundssonar og Birgis Þórs Guðmundssonar, að loknum munnlegum málflutningi 2. október sl.

Í greinargerð sóknaraðila, stefnda Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis og sakaukastefndu Magnúsar Helga Guðmundssonar og Birgis Þórs Guðmundssonar, er gerð sú aðalkrafa, að máli þessu verði vísað frá dómi og varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað að skaðlausu. Af hálfu sóknaraðila, Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis, er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna. Af hálfu sóknaraðila, sakaukastefndu, er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Af hálfu varnaraðila, stefnanda málsins, þb. Reykjaness hf. – útgerðar, er í þessum þætti málsins krafist, að frávísunarkröfu sóknaraðila verði hrundið og sóknaraðilar dæmdir til að greiða varnaraðila málskostnað in solidum í þessum þætti málsins að skaðlausu, þ. m. t. virðisaukaskatt á málskostnað.

II.

Mál þetta er höfðað af þb. Reykjaness hf. – útgerðar, kt. 540188-1499, Bajarhrauni 8, Hafnarfirði, gegn Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis, kt. 500269-4059, Víkurbraut 13, Keflavík, með stefnu, birtri 9. mars 1995, skv. b-lið 3. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 og gegn Magnúsi Helga Guðmundssyni, kt. 070353- 3189, Garðbraut 23, Garði, Gerðahreppi, og Birgi Þór Guðmundssyni, kt. 150264- 4729, Réttarholti, Garði, Gerðahreppi, með sakaukastefnu, birtri 28. mars sl.

Málið er höfðað til riftunar greiðslu Reykjaness hf. – útgerðar 9. maí 1994, að fjárhæð 500.000 kr., til stefnda Olíusamlags Keflavíkur og ná-

greddis til fullnustu víxilskuldar. Þá er þess krafist, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda in solidum 500.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. maí 1994 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 17. maí 1994, og sama dag var skipaður skiptastjóri. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 21. mars 1994. Kröfúlýsingarfresti lauk 15. ágúst s. á. Skiptastjóri tók skýrslu af framkvæmdastjóra þrotabúsins, Magnúsi Helga Guðmundssyni, sóknaraðila, 1. september s. á. og tók jafnframt við bókhaldsgögnum þess. Rúmri viku síðar, 8. september s. á., var að nýju tekin skýrsla af framkvæmdastjóra þrotabúsins, Magnúsi Helga. Fyrsti skiptafundur var haldinn 12. september s. á. að viðstöddum kröfuhafa, sýslumanninum í Keflavík. Skiptastjóri greindi frá því, að búið væri eignalaust. Jafnframt skýrði skiptastjóri frá þeim atriðum, sem kynnu að leiða til þess, að eignir yrðu dregnar undir skiptin, og kröfuhafar yrðu þá að lýsa sig reiðubúna að bera kostnað af frekari aðgerðum; að öðrum kosti væri honum, skiptastjóra, skylt að ljúka skiptum þá þegar samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991. Að beiðni kröfuhafa frestaði skiptastjóri málinu í tvær vikur, til mánudagsins 26. september. Þann dag var málið tekið fyrir hjá skiptastjóra og að nýju frestað að beiðni kröfuhafa, sýslumannsins í Keflavík, í rúmar tvær vikur, til þriðjudags 11. október s. á. Þann dag var málið ekki tekið fyrir, heldur var því verið frestað til fimmtudagsins 20. október s. á. með samþykki kröfuhafa. Þann dag var málið síðan tekið fyrir, og samþykkti kröfuhafi, sýslumaðurinn í Keflavík, að ábyrgjast greiðslu málskostnaðar, sem af framhaldsaðgerðum kynni að leiða, þar sem búið væri eignalaust.

— — —

IV.

Um það er deilt í máli þessu, við hvaða tímamark skuli miða upphaf málshöfðunarfrests samkvæmt 1. mgr. 148. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.

Kröfúlýsingarfresti lauk 15. ágúst 1994. Hvað sem öðru líður, verður upphaf þess frests, sem um ræðir í 1. mgr. 148. gr. gjaldþrotaskiptalaga, ekki talið vera fyrr en þann dag. Er þessi viðmiðun eina hlutlæga reglan, sem 1. mgr. 148. gr. hefur að geyma, þar sem að öðru leyti skal miða upphaf málshöfðunarfrests við það tímamark, þegar skiptastjóri átti þess kost að gera riftunarkröfu. Verður því að skoða hér, hvenær skiptastjóri átti þess kost að höfða mál. Óumdeilt er, að framkvæmdastjóri félagsins afhenti skiptastjóra bókhaldsgögn 1. september 1994, sama dag og hann gaf skiptastjóra skýrslu. Í síðasta lagi 8. september hafði skiptastjóri vitneskju um atriði, er gáfu til-

efni til málshöfðunar, þegar síðari skýrsla var tekin af framkvæmdastjóranum.

Á það verður fallist með varnaraðila, að skiptastjóra bar að leita eftir heimild kröfuhafa til málshöfðunar, þar sem þrotabúið var eignalaust og því nauðsynlegt, að kröfuhafar ábyrgðust greiðslu málskostnaðar. Á fyrsta skiptafundi, 12. september, leitaði skiptastjóri eftir heimild til málshöfðunar og til greiðslu málskostnaðartryggingar. Kröfuhafar drógu það hins vegar í rúmar fimm vikur að taka afstöðu til framhaldsaðgerða og ábyrgðar á greiðslu málskostnaðar, en samþykki kröfuhafa lá ekki fyrir fyrr en 20. október s. á.

Þegar haft er í huga, að tilgangur reglna gjaldþrotaskiptalaga um takmörkun á rétti þrotabús til höfðunar riftunarmála er sá einkanlega að vernda hagsmuni viðsejenda þrotamanns og öryggi í viðskiptalífinu, verður að líta svo á, að kröfuhafar beri hallann af drætti, sem verður á ákvörðun um málshöfðun, eftir að skiptastjóri hefur leitað eftir heimild til málshöfðunar. Skiptastjóri leitaði eftir heimild kröfuhafa til málshöfðunar og fór þess á leit, að kröfuhafar ábyrgðust greiðslu kostnaðar, sem af því leiddi, á fyrsta skiptafundi 12. september 1994. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að um drátt kröfuhafa á ákvörðun um framhaldsaðgerðir verði öðrum kennt en þeim sjálfum.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan hefur verið rakið, lítur dómurinn svo á, að í máli þessu beri að miða upphaf málshöfðunarfrests við 12. september 1994.

Málið var höfðað gegn sóknaraðila, stefnda Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis, 9. mars 1995 skv. b-lið 3. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 með áritun um birtingu á stefnu. Var málið því höfðað gegn Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis innan málshöfðunarfrests.

Hins vegar var málið gegn sóknaraðilum, Magnúsi Helga Guðmundssyni og Birgi Þór Guðmundssyni, höfðað með sakaukastefnu, birtri 28. mars s. á. Þegar málið var höfðað gegn þeim Magnúsi Helga og Birgi Þór, var málshöfðunarfrestur liðinn.

Þá er á það að líta, hvort aðrar þær frávísunarástæður, sem sóknaraðili Olíusamlag Keflavíkur og nágrennis ber fyrir sig, eigi að leiða til frávísunar málsins.

Á það verður fallist með sóknaraðila, að málatilbúnaði varnaraðila gegn sóknaraðila, stefnda Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis, er ábótavant. Af hálfu varnaraðila er riftun greiðslu til sóknaraðila, Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis, studd 3. gr., 131. gr., 134. gr., 139. gr. og 141. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991, sem þykir svo óljós og tilviljunarkenndur málatilbún-

aður, að frávísun varði. Þegar af þeirri ástæðu er málinu vísað frá dómi að kröfu sóknaraðila, Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis.

Málinu er vísað frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ólöf Pétursdóttir dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Málinu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
